

Oddviti
Fljótsdalshreppur
Végarði
701 Egilsstaðir



Reykjavík 19. október 2016
UST201609-126/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi Geldingafellssvæðis, Vatnajökulspjóðgarði

Vísað er til erindis oddvita Fljótsdalshrepps er barst 21. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Geldingafellssvæðis.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er norðan í Geldingafelli í Vatnajökulspjóðgarði og að á svæðinu er gistiskáli, Geldingafellsskáli. Einnig kemur fram að við skálann er þurrsalerni, tjaldsvæði og óafmarkað bílastæði.

Stefnumörkun

Í greinargerð kemur fram að meginmarkmið deiliskipulagsins er að bæta aðstöðu landvarða og ferðamanna á svæðinu með skynsamlegri uppbyggingu. Einnig kemur fram að ofangreint svæði er í verndunarflokki II innan Vatnajökulspjóðgarðs sem felur í sér þau meginmarkmið að vernda líffræðilegan fjölbreytileika ásamt vistfræðilegum ferlum og kerfum, og efla fræðslu og útivist.

Skilmálar

Umhverfisstofnun tekur undir markmið varðandi útlit og aðlögun að landi. Einnig tekur stofnunin undir að útlit og mænisstefna skuli vera í samræmi við Geldingafellsskála.

Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun tekur undir það að aukin umferð og auknar framkvæmdir hafa áhrif á svæðið. Að mati Umhverfisstofnunar er því mikilvægt að hafa stýringu á umferð ferðamanna um svæðið.


Gróður


Umhverfisstofnun tekur undir að með betri skilgreiningu á tjaldstæði og stígum verður komið í veg fyrir óþarfa ágang á viðkvæmum svæðum. Umhverfisstofnun telur þó áhrif á gróður neikvæðan þar sem aukin umsvif munu hafa neikvæð áhrif á gróður þótt um stýringu sé að ræða.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við ofangreint deiliskipulag.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

